



Stærðfræði 9. bekkur tímabil 2024-2025

Lýsing

Kennslustundir eru 4 x 60 mínútur á viku. Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Hæfni í stærðfræði felst í að hafa ljósan skilning á stærðfræði, geta spurt og svarað með henni og notað tungumál og verkfæri hennar. Til þess að öðlast þessa hæfni þurfa nemendur að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði, trú á eigin getu og rækta með sér það viðhorf að stærðfræði sé skynsamleg og nýtsamleg. Í því felst að geta leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt, með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdum og setja fram stærðfræðileg líkön. Unnið er með stærðfræðilegar aðferðir sem nýtast í daglegu lífi, mynstur og kerfi, rökhugsun og táknafræði stærðfræðinnar. Námsþættir vetrarins eru talnareikningur, línuleg föll, mál og mælingar, rúmfræði og útreikningar, líkur og talningarfræði.

Að auki verður 1 x 60mínútur hálfan veturinn í fjármálafræðslu og vinnu í töflureikni

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í formi innlagna, einstaklingsvinnu, hóp- og stöðvavinnu ásamt verkefnavinnu og verkefnaskilum. Einnig verða myndbönd og annað námsefni á Google classroom.

Ef ekki næst að ljúka við áætlun í kennslustundum þarf að gera það heima. Upplýsingar um heimavinnu eru settar inn á Mentor.

Námsefni og gögn

Skali 2A Nemendabók og Æfingahefti, Átta-tíu. Auk þess er notast við ljósrit og annað efni frá kennara.

Námsmat

Námsmat er unnið skv. aðalnámsskrá og gefið í bókstöfum D-A. Það samanstendur af kaflaprófum og verkefnaskilum, hópaverkefnum, stöðvavinnu í kennslu, þrautalausnum o.fl. Einnig verða minni verkefni á Google Classroom.

Kennarar : Bjarni Sævar Þórsson, Guðrún Þóra Bjarnadóttir, Sigurlaug Hauksdóttir og Elena Malteva sérkennari.